



Bandaríkjamenn halda uppi fjölgun ferðamanna

Ferðamönnum hefur fjölgað í öllum mánuðum ársins nema apríl

Alls nam fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi 278.613 í júlímánuði og jókst fjöldinn um 6.693 miðað við sama mánuð í fyrra eða um 2,5%.


Verulega hefur hægt á fjölgun erlendra ferðamanna á síðustu ársfjórðungum eftir mikla hlutfallslega aukningu á síðustu árum. Ferðamönnum er þó enn að fjölga og hefur einungis mælst fækkun í einum mánuði á þessu ári en það var í apríl þegar ferðamönnum fækkaði um 3,9% miðað við sama mánuð í fyrra. Fyrstu 7 mánuði ársins nam fjöldi erlendra ferðamanna tæplega 1.306 þúsund manns borið saman við 1.245 þúsund á sama tímabili í fyrra og nemur aukningin 4,9% milli ára. Til samanburðar nam fjölgunin 33% á fyrstu 7 mánuðum ársins 2017 borið saman við sama tímabil árið áður.

Hlutfallslega fjölgaði ferðamönnum mest í maí þegar þeim fjölgaði um 13,2%. Í nóvember fór fjölgunin í fyrsta skiptið undir tveggja stafa tölu frá því í nóvember 2011. Síðan í nóvember hefur fjölgunin verið undir tveggja stafa tölu ef frá er talinn maí.


8% fækkun að undanskildum Bandaríkjamönnum

Aukinn ferðamannastraumur í júlí skýrist einungis af fjölgun bandarískra ferðamanna. Þeim fjölgaði um rúm 22 þúsund milli ára borið saman við heildarfjölgun erlendra ferðamanna upp á tæp 6.700. Hefði fjöldi bandarískra ferðamanna staðið í stað milli ára hefði mælst heildarfækkun erlendra ferðamanna upp á 8%. Svipaða sögu er að segja af þróuninni í júní og apríl. Horft til fyrstu 7 mánuði ársins mældist 1,2% fjölgun erlendra ferðamanna borið saman við sama tímabil í fyrra séu bandarískir ferðamenn undanskildir.

Fjölgun bandarískra ferðamanna skýrist væntanlega fyrst og fremst af auknu flugframboði og fjölgun áfangastaða í Bandaríkjunum þar sem boðið er upp á beint flug til Íslands. Aðrir líklegir áhrifaþættir eru



Fjölgun á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Ferðamálastofa



Fjölgun á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Ferðamálastofa

— Án Bandaríkjamanna — Allir



að efnahagsástandið í Bandaríkjunum hefur verið með besta móti upp á síðkastið, Bandaríkjadalur verið í styrkingarfasa og ráðstöfunartekjur launþega aukist í kjölfar nýlegra skattahækkana.


Langflestir ferðamenn koma frá Bandaríkjunum

Bandarískir ferðamenn eru mikilvægustu viðskiptavinir íslenskrar ferðaþjónustu en fjöldi þeirra er um 30% þeirra erlendu ferðamanna sem sækja landið heim. Sú þjóð sem kemst næst Bandaríkjamönnum í fjölda eru Bretar sem ná þó ekki að vera hálfdrættingar Bandaríkjamanna en Bretar eru um 13,8% erlendra ferðamanna. Tæplega þriðjungur eða 31,1% allrar útfluttrar ferðaþjónustu er keyptur af Bandaríkjamönnum en Bretar, sem kaupa næstmest, eru með 11,3%.

Ferðamönnum fjölga einungis frá 2 þjóðum af 17

Alls eru ferðamenn 17 þjóða taldir inn í landið. Af þessum 17 þjóðum fjölgaði ferðamönnum frá aðeins tveimur þeirra í júlí borið saman við sama mánuð í fyrra. Þetta voru annars vegar Bandaríkjamenn sem fjölgaði um 27,4% og hins vegar Pólverjar sem fjölgaði um 18%. Pólverjar eru sú þjóð sem hefur fjölgað hlutfallslega mest á síðustu misserum. Líklegt er að umtalsverður hluti þeirra Pólverja sem sækja landið heim séu ekki ferðamenn í hefðbundnum skilningi heldur íbúar landsins eða fólk sem flyst hingað til lands í tímabundna vinnu¹. Leita þarf aftur fyrir uppsveifluna í ferðaþjónustu til að finna mánuð þar sem jafnmörgum þjóðum fækkaði milli ára. Í maí árið 2010 fækkaði ferðamönnum frá öllum 17 þjóðunum borið saman við sama mánuð árið áður. Mesta fækkunin nú í júlí var hjá Þjóðverjum (-19,1%) en þar á eftir komu Finnland (-19,1%), Svíþjóð (-15,8%) og Sviss (-14,8%). Bretum fækkaði um 13,3% og hefur þeim fækkað stöðugt í hverjum mánuði síðan í apríl á síðasta ári. Skandinavíuþjóðunum fækkaði um að meðaltali 15% nú í júlí. Rússum fækkaði um 1,3% og er það fyrsta fækkunin hjá þeim síðan í mars 2016. Fækkunin hjá Spánverjum var 0,2% og er það fyrsta fækkun þeirra síðan í apríl 2016.

Fjölgun erlendra ferðamanna í júlí



¹ Þetta má sjá með því að skoða fjölda gistinguáttu á hvern ferðamann á öllum tegundum gistaða. Á þann mælikvarða skera Pólverjar sig mjög skýrt frá hinu þjóðunum.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.